

## Starfslýsing - ræstitæknir

---

### Starf

Ræstitæknir

### Næsti yfirmaður

Skólameistari

### Faglegur yfirmaður

Húsvörður

### Starfshlutfall

50-100% á starfstíma skólans

### Tilgangur og markmið starfs

Að halda húsnæði skólans hreinu og snyrtilegu. Ræstitæknir tekur þátt í að framfylgja reglum skólans um umgengni og aga með velferð og vellíðan allra nemenda í huga.

### Helstu verkefni

- Sér um ræstingu í byggingum Menntaskólans á Akureyri eins og fram kemur í skipulagi um ræstingu skólans
- Tekur þátt í ræstingu skólans samkvæmt skipulagi í upphafi og lok anna
- Sér um að gangar og sameiginleg svæði séu ávallt snyrtileg og að uppsöfnun aðskotahluta eigi sér ekki stað
- Leiðbeinir nemendum um umgengni í skólanum, á göngum og í Kvos
- Hefur eftirlit með umgengni starfsfólks og nemenda um húsnæðið og gerir viðvart ef hún er ekki í lagi og umvandanir hafa ekki borið árangur
- Annast önnur verkefni sem skólastjórnendur eða umsjónarmenn fasteigna fela honum og fallið geta að ofangreindum markmiðum

### Ábyrgð

- Tryggir að húsnæði Menntaskólans sé ávallt til reiðu í góðu og þrífalegu ástandi þannig að starfsemi skólans fari fram með skilvirkum hætti og án hindrana
- Ber ábyrgð á hreingerningum á afmörkuðu svæði skólans og er í góðum samskiptum við aðra ræstitækna varðandi ræstingu
- Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samvirkusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt viðskiptavinum sínum innan og utan hans sem besta þjónustu

## Starfslýsing - ræstitæknir

---

### Menntun, reynsla og hæfni

Nauðsynlegt er að viðkomandi sýni hreinlæti og snyrtimennsku og hafi hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustulund, frumkvæði, árvekni og skipulagshæfileika. Æskilegt er að hafa reynslu sem nýtist í starfinu. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

### Annað

Ræstitækni er skylt að rækja starf sitt af alúð og samvirkusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteis, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er ræstitækni að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en ræstitæknir stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Ræstitækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.